

Sþ.

396. Tillaga til þingsályktunar

[204. mál]

um úttekt á ráðuneytum, ríkisstofnunum og embættismannakerfi.

Flm.: Inga Birna Jónsdóttir, Bjarni Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að kanna og gera úttekt á ráðuneytum, ríkisstofnunum og embættismannakerfi og gera tillögur til úrbóta. Verkefni nefndarinnar skulu vera m. a. eftirfarandi:

1. Að kanna hlutverk og verkaskiptingu ráðuneyta og ríkisstofnana.
2. Að rannsaka nýtingu vinnuafis og vinnubrögð í ráðuneytum og opinberum stofnunum í því skyni að auka vinnuhagræðingu.
3. Að taka til athugunar húsnæðismál ráðuneyta og ríkisstofnana. Sérstaklega skal kannað, hvort æskilegt sé, að hið opinbera gerist í æ rikari mæli leigutaki hjá einkaaðilum í stað þess að reisa eigið húsnæði.
4. Að gaumgæfa, hvort ekki sé unnt að koma á auknu stjórnunar lýðræði við ráðuneyti og ríkisstofnanir, og í því sambandi, hvort ekki sé æskilegt, að forstöðumenn ráðuneyta og ríkisstofnana verði ráðnir til skamms tíma í senn.
5. Að finna leiðir til að veita almenningi greiðari aðgang að ráðuneytum og ríkisstofnunum.

#### Greinargerð.

Allir íslenzkir stjórn mála flokkar hafa látið í ljós við ýmis tækifæri, að þeir vilji hafa hemil á vexti ríkisbáknsins. Engu að síður vex báknið stöðugt og verður sífellt þyngra í vöfum. Þingsályktunartillaga þessi felur í sér ósk um, að þetta mál verði tekið föstum tókum og ekki látið sitja við orðin tóm.

Nauðsynlegt er að skipuleggja rekstur ríkisstofnana og gera sér fulla grein fyrir hlutverki þeirra. Er eðlilegt, að sum ráðuneytanna virðast vera að mestu hreinar afgreiðslustofnanir, eins og sést bezt á því, að ráðuneytin eru hlaðin einhæfum starfskröftum, svo sem lögfræðingum og viðskiptafræðingum? Eða hvað skyldu vera margir starfsmenn í utanríkisráðuneytinu, sem eru ekki lögfræðimenntaðir, en þetta ráðuneyti á þó að gæta hagsmuna Íslands að því er snertir stjórn mála og öryggismál, utanríkisviðskipti og menningarmál? Mannaráðningarnar í ráðuneytunum sýna betur en nokkur orð, að þau hafa enn varla þróast frá kansallistiginu.

Breyttir tímar hafa stöðugt í för með sér breytt verkefnaval og vinnuaðferðir. Það er mikilvægt, að einstakir starfsmenn séu ekki um of störfum hlaðnir, þannig að þeir geti ekki sinnt störfum sínum með sóma, á meðan aðrir sitja verkefnalítlir í vinnu sinni. Það þarf að athuga sérstaklega tilfærslu vinnukrafts, ekki aðeins innan sömu stofnunar, heldur og á milli stofnana. Vinnuhagræðingu og afköst ætti að vera unnt að auka.

Á sama tíma, sem bankar reisa stórhýsi út um allar jarðir, er ríkið á hrak-hólum með húsnæði og greiðir of fjár fyrir leiguhúsnæði, sem það verður oft og einatt að innrétta á eigin kostnað. Er ekki þörf stefnubreytingar?

Nú er ofarlega á baugi stjórnunar lýðræði, og liggur í augum uppi, að ríkisvaldið ætti að hafa forgöngu um að koma því á við ýmsar ríkisstofnanir. Er þetta í raun og veru hliðstætt við það skólalýðræði, sem nú er að stefnt við ýmsa skóla. Í þessu felst ekki annað en að starfsmenn stofnunar verði aðilar að ákvörðunarvaldinu. Við sumar stofnanir er auðvelt að koma þessu fyrir, t. d. við Ríkisútvarpið. Þar ættu fulltrúar starfsmanna að eiga sæti í útvarpsráði. Sama gildir um tryggingaráð hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Við aðrar stofnanir mætti mynda starfsmannaráð, sem yrði aðili að rekstri fyrirtækisins eða stofnunarinnar.

Mikilvægt er, að ríkisstofnanir dragi sig ekki inn í skel sína, heldur séu opnar og aðgengilegar fyrir almenning. Þær eiga að kynna sig og starfsemi sína og auðvelda almenningi að reka erindi sín. Ríkisstofnanirnar mega ekki verða að skriffinnskuófreskjum, sem almenningur hræðist og hefur óbeit á. Í þessu efni er án efa úrbóta þörf.

Flutningsmenn gera sér fyllilega ljóst, að sú rannsókn og tillögugerð, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, kemur ekki að notum, nema dugandi menn og röskir vinni að henni. Láta verður þeim í té alla aðstoð, sem þeir óska. Kostnaður greiðist að sjálfsgöðu úr ríkissjóði og verði nefndinni sett ákveðin tímamörk.